

## Fundargerð



MÝVATN

# Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

## 62. fundur.

að Hlíðavegi 6, 6. október 2005, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kæru Helluholts ehf á afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. júlí þar sem ekki var heimiluð breyting á notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Greinargerð sveitarstjóra.
3. Bréf Alta ehf dags. 15. sept. þar sem óskað er eftir álitum sveitarstjórnar á framkvæmdum vegna fyrirhugaðrar brettaverksmiðju.
4. Landbóta- og landnýtingaráætlun 2006-2010.
5. Bréf nemenda 9. og 10. bekkjar Reykjahlíðarskóla um félagsstarf o.fl.
6. Erindi Landgræðslunnar þar sem erindi landeigenda Grímsstaða er framvísað og tekið undir með ábúendum um nauðsyn þess að beitarhólf verði stækkað.
7. Fundargerð um opnun tilboða vegna Lagfæringa á vegi um Lúdentarborgir.
8. Breytingum á aðlskipulagi í Bjarnarflagi og deiliskipulagi í Kröflu.
9. Deilumál við landeigendur í Vogum um hitaveitumál.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Landsvirkjunar dags. 22. sept. til Umhverfisstofnunar vegna tilraunasandgildru í Kráká.

Bréf Landgræðslunnar um uppgæðslu í Krákárbotnum dags. 30. sept.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Áslaugur Haddsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti óskaði eftir að tveimur málum 8. Breytingum á aðlskipulagi í Bjarnarflagi og deiliskipulagi í Kröflu og 9. Deilumál við landeigendur í Vogum um hitaveitumál yrði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

2. **Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kæru Helluholts ehf á afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. júlí þar sem ekki var heimiluð breyting á notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Greinargerð sveitarstjóra.**  
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingamál hefur veitt frekari frest til að skila greinargerð og er málinu frestað.
3. **Bréf Alta ehf dags. 15. sept. þar sem óskað er eftir álitum sveitarstjórnar á framkvæmdum vegna fyrirhugaðrar brettaverksmiðju.**  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þakkar fyrir upplýsingarnar og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.
4. **Landbóta- og landnýtingaráætlun 2006-2010.**  
Oddviti gerði grein fyrir stöðu málsins. Nokkrar umræðu urðu. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.
5. **Bréf nemenda 9. og 10. bekkjar Reykjahlíðarskóla um félagsstarf o.fl.**  
Erindinu vísað til skólastjóra og skólanefndar.
6. **Erindi Landgræðslunnar þar sem erindi landeigenda Grímsstaða er framvísað og tekið undir með ábúendum um nauðsyn þess að beitarhólf verði stækkað.**  
Nokkrar umræður urðu um málið. Ákveðið var að fresta afgreiðslu og afla frekari upplýsinga..
7. **Fundargerð um opnun tilboða vegna Lagfæringa á vegi um Lúdentarborgir.**  
Sveitarstjóra falið að semja við Þórhall Kristjánsson um að taka að sér verkið á grundvelli tilboðs hans.
8. **Breytingum á aðalskipulagi í Bjarnarflagi og deiliskipulagi í Kröflu.**  
Eftirfarandi auglýsing birtist í Lögbirtingablaðinu 22. ágúst 2005 og í blaðinu Sjónarhóli sem gefið er út í Mývatnssveit 24. ágúst.

#### **Auglýsing um skipulag í Skútustaðahreppi**

*“Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 samkvæmt l.mgr. 21.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingartillagan felst í breyttri landnotkun innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar kennt við Namafjall. Á hluta þess svæðis sem um ræðir var skipulagi fresta við gerð aðalskipulags 1997.

Breytingarnar eru gerðar m.a. vegna þess að núverandi og fyrirhuguð aukin jarðhitanýting á Bjarnarflagssvæðinu samræmist ekki nógildandi aðalskipulagi. Lögð er fram tillaga að landnotkun sem rúmar vel hugmyndir um jarðhitanýtingu, hverfisvernd og útivist á svæðinu í heild.

Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með mánudeginum 22. ágúst 2005 til mánudags 19. sept. 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til mánudagsins 3. okt. 2005. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

*Deiliskipulag fyrir Kröflusvæði.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Kröflusvæði samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagssvæðið er um 31,97km<sup>2</sup>

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Tillagan liggur frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn frá og með mánudeginum 22. ágúst til mánudags 19. sept. 2005. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 3. okt. 2005.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykktur henni.

Mývatnssveit 16. ágúst 2005  
Sveitarstjóri Skútustaðahrepps.”

Engar athugasemdir bárust við auglýstar breytingar á aðlskipulagi né við gerð deiliskipulags í Kröflu.

Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að undirrita skipulagið og óska eftir staðfestingu skipulagsstjóra á breytingu

**9. Deilumál við landeigendur í Vogum um hitaveitumál**

Á sínum tíma var skipuð nefnd til að leita samninga við landeigendur í Vogum um ágreiningsmál vegna hitaveitunnar.

Nefnd sveitarstjórnar hefur fullt umboð til að leggja fram tilboð til landeigenda í Vogum um lausn deilunnar.

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Áslaugur Haddsson,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.